

## AUGLÝSING

88

13. okt.

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, fór í dag til útlanda og mun dvelja erlendis nokkrar vikur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 13. október 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

89

8. nóv.

um bráðabirgða verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands og samkomulag um vernd höfundaréttar og einkaréttar í atvinnurekstri.

Hinn 19. desember 1950 var undirritaður í Frankfurt am Main bráðabirgða verzlunar- og siglingasamningur milli Íslands og Vestur-Þýskalands ásamt bókun um vernd höfundaréttar og einkaréttinda í atvinnurekstri. Íslensk þýðing fylgir auglýsingu þessari, sbr. fylgiskjal I og II.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 8. nóvember 1951.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

Fylgiskjal I.

Bráðabirgða verzlunar- og siglingasamningur milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Með það fyrir augum að efla svo sem framast er unnt verzlun og siglingar milli lýðveldisins Íslands og sambandslýðveldisins Þýskalands hafa ríkisstjórnir beggja landanna gert með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Samningsaðiljarnir munu leitast við að koma á eðlilegu verzlunarsambandi og efla vöru- og þjónustuskipti sín á milli.

2. gr.

Hvor samningsaðilja mun veita hinum beztu kjör. Öll hlunnindi, ívilnanir eða undanþágur, sem annar samningsaðiljanna veitir, að því er snertir vörur, sem fluttar eru inn frá einhverju öðru landi, eða fluttar eru út til einhvers annars lands, skulu einnig gilda um allar sams konar vörur, sem fluttar eru inn frá landssvæði hins samn-

89 ingsaðiljans eða fluttar út þangað. Þetta skal gilda um tolla, skatta og sérhver önnur  
8. nóv. gjöld, sem lögð eru á í sambandi við inn- eða útflutninginn.

Skip undir fána annars samningsaðiljanna skulu í höfnum hins samningsaðiljans njóta jafn góðrar meðferðar varðandi skatta, álögur og gjöld, og þjónustu, sem veitt er skipum frá hvaða öðru landi sem er.

### 3. gr.

Fulltrúar beggja ríkisstjórnanna munu hittast með vissu millibili til að athuga þróun verzlunar og siglinga milli landanna.

### 4. gr.

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift fulltrúa beggja ríkisstjórnanna. Hann gildir til 31. marz 1951 og framlengist síðan sjálfkrafa um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af öðrum hvorum samningsaðiljanum með þriggja mánaða fyrirvara. Ef slík uppsögn er ekki fyrir hendi munu ofangreindir fulltrúar hittast svo fljótt sem verða má, til þess að semja um frekari framkvæmd vöru- og þjónustuskiptanna.

Gjört í Frankfurt a. M. hinn 19. desember 1950 í tveimur eintökum.

Undirritun til bráðabigða  
fyrir ríkisstjórn Sambandslýðveldisins  
Þýskalands:

Lu. 16/10 1950  
(Dr. von Lupin)

Undirskrift fyrir ríkisstjórn Sambands-  
lýðveldisins Þýskalands:

v. Maltzan.

Undirritun til bráðabigða  
fyrir ríkisstjórn Lýðveldisins  
Íslands:

V. F. 16/10 1950  
(Vilhjálmur Finsen)

Undirskrift fyrir ríkisstjórn Lýðveldisins  
Íslands:

Vilhjálmur Finsen.

## Fylgiskjal II.

**Bókun um samningsumleitaniir milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands um vernd höfundaréttar og einkaréttinda í atvinnurekstri.**

Milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands hefur orðið samkomulag um eftirfarandi:

1. Hvor samningsaðilja skal veita ríkisborgurum hins samningsaðiljans sama rétt og sínum eigin ríkisborgurum að því er varðar öflun, eign og endurnýjun einkaréttinda í atvinnurekstri (einkaleyfi, iðnfyrirmyndir, sýnishorn, vörumerki) forlags- og höfundaréttinda að ritum og tónverkum. Skulu réttindi þessi veitt án tillits til þess, hvort þau voru vernduð, tilkynnt eða notuð fyrir 8. maí 1945.

2. Hvor aðilja lýsir sig reiðubúinn til að endurnýja réttindi, sem nefnd eru undir 1. og hafa fallið niður fyrir hernaðaraðgerðir, enda berist honum um það beiðni frá ríkisborgurum hins aðiljans.

3. Bókun þessi nær til hernámssvæða Bandaríkja Ameríku, Stóra Bretlands og Frakklands í Berlin og úthverfum hennar.

4. Bókun þessi tekur gildi samtímis bráðabirgðaverzlunar- og siglingasamningi 89 þeim milli ríkisstjórna beggja landanna, er var undirritaður til bráðabirgða 16. 8. nóv. október 1950.

Gjört í Frankfurt a. M. í tveimur eintökum hinn 19. desember 1950.

Undirritað fyrir  
ríkisstjórn Íslands:

Vilhj. Finsen.

Undirritað fyrir ríkisstjórn Sambands-  
lýðveldisins Þýskalands:

v. Maltzan.

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýskalands.

90

19. nóv.

Viðskiptasamningur sá milli Íslands og Vestur-Þýskalands, er undirritaður var til bráðabirgða 15. marz 1950, sbr. Stj.tíð. 1950, A., nr. 41, var endanlega undirritaður hinn 8. desember 1950.

Hinn 19. desember 1950 fór fram í Frankfurt am Main bráðabirgðaundirskrift undir bókun um framlengingu ofanefnds viðskiptasamnings til ársloka 1951. Endanleg undirskrift undir bókun þessa fór fram 4. september 1951. Bókun þessi fer hér á eftir í íslenskri þýðingu:

Bókun um samningaumleitanir milli fulltrúa lýðveldisins Íslands og fulltrúa Sambandslýðveldisins Þýskalands um vöruskipti milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands á árinu 1951.

#### 1. gr.

Fulltrúar lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands ákveða, að „Samningur um viðskipti milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands fyrir tímabilið 15. marz til 31. desember 1950“, er undirritaður var til bráðabirgða 15. marz 1950, skuli gilda áfram fyrir almanaksárið 1951.

#### 2. gr.

Samkomulag það, sem felst í 1. gr., skal gilda fyrir framlengingartímabilið með eftirfarandi viðbótum:

1. Fylgiskjal C., þ. e. Bókun um sölu á fiski og síld frá Íslandi til Sambandslýðveldisins fellur úr gildi 31. desember 1950.

2. Í síðasta lagi í apríl 1951 skal koma saman nefnd sérfróðra manna frá báðum ríkisstjórnunum, er síðan leggur fyrir þær tillögur um skiptingu á heildar fisk- og síldarmagni því, er viðskiptasamningurinn gerir ráð fyrir að afhent verði, að verðmæti 2.5 millj. dollara, hvað snertir tegundir og tímamörk og enn fremur um fyrirkomulag innflutningsins.

3. Samkomulag er um, að hækka megi 2.5 millj. dollara upphæðina, ef það samrýmist innflutningsþörfum Sambandslýðveldisins.

4. Samkomulag er um, að báðar ríkisstjórnirnar hafi rétt til að stöðva innflutning, sem ráðgerður er samkvæmt bókun þessari, ef slíkur innflutningur myndi leiða til alvarlegra truflana í þjóðarbúskapnum. Ef til slíks kemur, eru báðar ríkis-